



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið  
b.t. skrifstofu húsnæðis- og skipulagsmála  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 18. ágúst 2023

2308003SA FHS  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um áformaskjal um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða**

Vísað er til áformaskjals skrifstofu húsnæðis- og skipulagsmála í Innviðaráðuneytinu sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 13. júlí 2023, mál nr. 132/2023. Í áformaskjalinu er fjallað um áform um framlagningu frumvarps til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, með síðari breytingum.

Í áformaskjalinu kemur fram að úrlausnarefnið sé þrjúþætt:

1. Breyta þarf ákvæðum laganna vegna breyttrar verkaskiptingar innan stjórnarráðsins þar sem skipulagsmál hafa m.a. verið færð milli ráðuneyta og önnur ráðuneyti sem tilnefna í hópinn hafa fært málaflokka innbyrðis.
2. Skýra þarf ákvæði um skipunartíma svæðisráða.
3. Skýra þarf hlutverk Skipulagsstofnunar skv. lögnum, s.s. við beiðni um minniháttar breytingu á staðfestu strandsvæðaskipulagi og málsmeðferð vegna slíkrar breytingar.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir engar athugasemd við fyrirhugaðar breytingar hvað varðar verkaskiptingu stjórnarráðsins enda um þarfar breytingar að ræða. Hið sama á við um skipunartíma svæðisráða enda má ekki vera vafi á því hvaða valdheimildir þau hafa. Þrátt fyrir það telur sambandið að óheppilegt sé að skilyrða kjörtímabil ráðsmanna í svæðisráðum við kjörtímabil Alþingis, enda geta alþingiskosningar verið með stuttu millibili. Eðlilegra væri t.d. að miða við kjörtímabil í sveitarstjórnarkosningum sem ávallt er í fjögur ár. Með því fæst betri samfella í störf svæðisráða í stað þess að endurskipa þurfi í þau í hvert skipti sem stjórnarslit verða á miðju kjörtímabili. Það getur jafnframt tafið störf svæðisráða verulega enda verða slíkar nefndir oft ákvarðanafælnar þegar stjórnarskipti eiga sér stað.

Í áformaskjalinu kemur fram að skýra þurfi hlutverk Skipulagsstofnunar skv. lögnum hvað varðar minniháttar breytingar á staðfestu strandsvæðaskipulagi. Ekki er fjallað ítarlega í áformaskjalinu í hverju slíkur breytingar felist. Sambandið telur að gjalda þurfi varhug við því að veita Skipulagsstofnun of víðtækar heimildir til þess að standa að breytingum á strandsvæðaskipulagi án aðkomu svæðisráðs, jafnvel þó um minniháttar breytingu sé að ræða. Áskilur sambandið sér allan rétt til þess að koma að athugasemdum hvað það varðar, komi slíkar tillögur fram í frumvarpi til laga.

Sambandið telur jafnframt við þetta tækifæri mikilvægt að endurskoða tiltekin ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða, allt með það að markmiði að gera vinnu við skipulagið hagkvæmari og markvissari. Fyrir það fyrsta telur sambandið mikilvægt að svæðisráð verði umsagnaraðili skipulags sem nær að mörkum skipulags haf- og strandsvæðis, bæði meðan á vinnslu skipulagsins stendur og ekki síður eftir að skipulag haf- og strandsvæðis hefur tekið gildi. Mikilvægt er að svæðisráð verði lögbundinn umsagnaraðili við slíkar aðstæður. Í öðru lagi þarf að kanna breytingar á 10. og 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða. Samkvæmt 10. gr. laganna er ekki tekið fram að gildistími skipulags haf- og strandsvæðis sé tímabundinn heldur er um að ræða skipulag sem hefur ótakmarkaðan gildistíma. Í 14. gr. laganna kemur síðan fram að eingöngu séu gerðar breytingar á skipulagi haf- og strandsvæða telji Skipulagsstofnun að gera þurfi slíkar breytingar auk þess sem ráðherra getur skipað svæðisráð að eigin frumkvæði til þess að koma á breytingum. Sambandið telur mikilvægt að skipulag haf- og strandsvæða lúti sömu lögmálum og aðalskipulag sveitarfélaga og sé endurskoðað með reglubundnum hætti. Um sambærilegt skipulag er að ræða í gerð og vinnslu. Slíkt hefur í för með sér mun markvissari vinnu við þróun skipulags haf- og strandsvæða. Hættan er sú að tregða sé til reglubundinnar endurskoðunar skipulagsins vegna þess kostnaðar sem það hefur í för með sér. Leggur sambandið til að ákvæðinu verði breytt með sama hætti og á við um gildistíma og breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaga, sbr. m.a. 4. mgr. 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sambandið vill auk framangreinds benda á ákvæði II. til bráðabirgða við lög um skipulag haf- og strandsvæða þar sem fram kemur að lögin „skuli“ endurskoðuð í ljósi reynslunnar þegar vinnu við gerð strandsvæðisskipulags samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er lokið en eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku laganna. Fyrir liggur að bæði þessi tímamörk eru liðin, þriggja ára frestur og auk þess liggur fyrir strandsvæðisskipulag á umræddum tveimur svæðum skv. ákvæði til bráðabirgða I. Í þeirri endurskoðun skuli horft til:

1. Afmörkunar haf- og strandsvæða landmegin.
2. Viðmiðunarlínu ytri afmörkunar strandsvæðisskipulags.
3. Stjórnar og framkvæmdar skv. 4. gr.
4. Skipan svæðisráða skv. 5. gr.

Miðað við það áformaskjal sem fyrir liggur virðist eingöngu eiga að endurskoða 4. tölul. hér að ofan þrátt fyrir að lagaskylda sé til þess að endurskoða með heildrænni hætti og telur sambandið mikilvægt að það verði gert í samvinnu við hagsmunaaðila.

Sambandið telur jafnframt ástæðu til þess að ítreka þær tillögur sem komið hafa fram á fyrri stigum við setningu laga um skipulag haf- og strandsvæða að strandsvæði eigi að fara undir skipulagslögsögu sveitarfélaga, enda geta ákvarðanir sem teknar eru um skipulag á sjó haft grundvallaráhrif á hagsmuni einstakra sveitarfélaga. Fyrir liggur að í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 kemur fram:


„Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða og ná til alls lands sem og haf- og strandsvæða.“

Telur sambandið mikilvægt að huga að því að veita sveitarfélögunum ríkari rétt til ákvarðanatöku sem hefur svo mikil grundvallaráhrif á hagsmuni og huga þurfi að því ef endurskoða eigi löggin við þetta tækifæri. Telur sambandið reynsluna af starfrækslu svæðisráða sýna að huga þurfi að skýrara hlutverki og samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Verkaskipting þurfi að vera skýrari enda þarf að vera samræmi milli uppbyggingaráforma í landi og á strand- og hafsvæðum.

Sambandið lýsir sig tilbúið til þess að koma að frekari vinnu við breytingar á umræddum lögum fram að framlagningu frumvarps til laganna og óskar eftir fundi með ráðuneytinu til þess að koma frekari sjónarmiðum nánar á framfæri sem tengjast umsögn sambandsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Valur Rafn Halldórsson  
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs